

Nikas journal 2.9. – 31.10. 2004

2.9.

Landslagið á leið frá flugvellið var flatt. Ég átti von á fjalli úti í miðju hafi.

3.9.

Himininn er afar stór.

3.9.

Það rignir. Enginn hirðir um að vera með regnhlíf. Fólk grettir sig bara og heldur ferðinni áfram.

3.9.

Allir virðast eiga börn.

3.9.

Það er fýla af heita vatninu.

3.9.

Ég hitti listamann sem fór að smala kindum um helgina. Á hesti. Vá!

4.9.

Til að opna læstar dyr þarf að snúa lyklinum í aðra átt en ég átti von á.

4.9.

Fyrir framan stórverslun heyrði ég nokkra trúða syngja lag fyrir börn. Í textanum kom fyrir “hoky poky” og eitthvað fleira. Ég hafði heyrt lagið áður hjá fimm ára gömlu barni í Zagreb. Er þetta alþjóðlegt smábarna-hit?

4.9.

Eftirnafn er nafn föður með endingu (Nika Tomislavsdottir?), sem þýðir að eftirnafn erfist ekki frá einni kynslóð til annarrar.

Ég geri ráð fyrir að það eyðileggi hugmyndina um “gamlar” fjölskyldur.

5.9.

Þrátt fyrir að landið sé ekki þakið ís, er fjöldi fólks ljóshærður og meirihlutinn virðist vera með blá augu.

5.9.

Jarðvegur og sandur sem liggur á byggingarsvæðum er svartur.

5.9.

Máfarnir koma að tjörninni og éta andarunga, var mér sagt.

5.9.

Við enda hafnarinnar, á bak við vöruhús og ryðguð skip, er lítill garður með sleginni grasflöt, runnum og bekkjum.

6.9.

Verð á eggjum er reiknað eftir vigt.

6.9.

Fólk staðfestir skoðun sína með því að segja “já” og anda að sér um leið. Ég tók eftir einhverju svipuðu í Berlín.

6.9.

Það eru margar myndbandaleigur í borginni.

7.9.

Það eru margir skúlptúrar í borginni.

7.9.

Það er nákvæmlega eins Camper-búð og í Soho, New York, bara minni.

8.9.

Það eru margir kettir á kreiki. Flestir þeirra eru merktir.

8.9.

Það eru líka hellulagðar gangstéttir fyrir gangandi vegfarendur í iðnaðarúthverfum borgarinnar.

8.9.

Hinum megin við flóann, handan hafnarinnar, er fjall. Toppur þess er alltaf hulinn skýi.

8.9.

Ég las að hér voru yfir tuttugu manns brenndir fyrir galdra á 17. öld. Aðeins ein kona.

9.9

Pípulagningarmenn koma heldur ekki á umsömdum tíma hér.

9.9.

Hundar eru ekki leyfðir á aðalverslunargötunni.

10.9.

Verslun selur mjúk léreftsstígvél, fyllt dúni.

10.9.

Margir taka börn með sér á opnanir sýninga.

11.9.

Hvalkjöt hefur kryddað bragð.

11.9.

Fólk virðist vera mjög afslappað. Þegar ég segi það, er enginn sammála því.

11.9.

Húsin í miðborginni eru frekar lítil. Sum þeirra eru jafnvel með enn minna hús í bakgarðinum.

12.9.

Kindurnar eru með mjög langt reifi.

12.9.

Kindurnar standa stundum á miðjum veginum og eru ekki hræddar við aðvífandi bíla.

12.9.

Mosinn er þykkur og mjög mjúkt að ganga á honum.

13.9.

Ég sá hóp af öndum syndandi á sjónum. Með þeim var einn máfur.

13.9.

Fyrsti sólardagurinn. Skýin eru farin af fjallatoppunum.

14.9.

Bláberin eru orðin þroskuð.

14.9.

Þótt það séu margar kindur, þá er enginn kindamjólk eða kindaostur.

15.9.

Þótt það séu hundar í landinu, þá sá ég fyrst í dag hund í borginni.

15.9.

Ég hef ekki séð einn einasta lögreglumann hingað til.

15.9.

Í listaskólanum er fullt af hægindastólum.

15.9.

Listaskólinn er mjög vel búinn tækjum.

16.9.

Sjórinn er mjög kaldur en samt mjög saltur.

16.9.

Það virðast bara vera tré nálægt húsum.

16.9.

Þegar fólk segir “í Evrópu” þá meinar það “einhvers staðar annars staðar”.

17.9.

Í húsinu þar sem ég bý er fólkið á neðri hæðinni með glerrúður í hurðinni að íbúðinni. Það er erfitt að kíkja ekki inn þegar maður gengur framhjá.

17.9.

Fjallabílar virðast vera vinsælir. Margir virðast hafa verið hækkaðir meira en eðlilegt getur talist.

18.9.
Sykurgljáðar kartöflur eru borðaðar með lambakjöti.

18.9.
Á endimörkum borgarinnar er tangi. Á flóði verður ysti hluti tangans að eyju.

19.9.
Göngustígar utan borgarinnar eru með dúk undir efsta jarðvegslaginu til að hindra að veðurfarið eyðileggi stígana.

19.9.
Stundum stöðvar fólk bílana sína fyrir framan hús og flautar þar til það nær athygli einhvers inni í húsinu.

20.9.
Fólk notar greiðslukort til að greiða fyrir aðeins einn drykk.

20.9.
Þjóf fé tíðkast ekki.

21.9.
Mörg hús eru máluð í mjög skærum litum.

21.9.
Stefnumót virðast vera ákveðin með mjög stuttum fyrirvara.

22.9.
Þegar fólk segir þriðja hæð, meinar það í raun önnur hæð, því það telur jarðhæðina sem fyrstu hæð.

22.9.
Að bölvla á ensku er greinilega ekki óalgengt.

23.9.
Hestarnir geta gengið mjög hratt án þess að fara á brokk.

23.9.
Fólk vinnur á byggingarsvæðum langt fram á kvöld.

24.9.
Músíkverslanir selja sömu geisladiskana og alls staðar annars staðar í heiminum.
Nema ef til vill aðeins meira af Björk.

24.9.
Listamenn lesa sömu bækurnar og alls staðar annars staðar í heiminum.

25.9.
Allar kvikmyndirnar á kvikmyndahátíðinni eru með enskum texta.

25.9.

Þegar ungt fólk er í hljómsveit, virðist ekki óalgengt að foreldrar þeirra komi á tónleika hjá þeim.

26.9.

Það er sunnudagur og kvikmyndahátíðin er í miðbænum. Ég virðist vera eina manneskjan í byggingunni þar sem vinnustofurnar eru.

26.9.

Það virðist vera mjög algengt að skilja og giftast aftur, sem leiðir til þess að margir eiga stórar og flóknar fjölskyldur.

27.9.

Aðalskipafélag landsins notaði Þórshamar sem merki sitt. Það er alveg eins og hakakrossinn sem nasistar notuðu síðar. Það lítur út fyrir að skipafélagið hafi nýlega breytt um merki.

28.9.

Það virðist vera mjög algengt að hafa teppi á stigagöngum í fjölbýlishúsum.

29.9.

Þegar fólk segir þér frá sögunni, talar það um 10. öld eins og ekkert hafi gerst í millitíðinni.

29.9.

Einhver kallaði borgina “heimsþorpið” um daginn. Mér finnst það lýsa henni mjög vel.

30.9.

Vín er ekki bara mjög dýrt, heldur er líka erfitt að kaupa það, því það er aðeins selt í sérstökum verslunum sem loka frekar snemma.

30.9.

Mér var sagt að hér væri ekkert vændi. Ég á erfitt með að trúa því.

30.9.

Fólk skilur töskur eftir sýnilegar í bílum sínum. Það hlýtur að vera lítið um glæpi.

30.9.

Hér er enginn her.

1.10.

Stílassar eru ekki gerðir úr einingum, heldur úr spýtum og tréplönkum.

1.10.

Símanúmer eru ekki með svæðisnúmerum.

1.10.

Ég borðaði fjólubláan þara. Hann bragðaðist vel. Fisksalar selja hann.

1.10.

Þegar fólk setur símanúmer í farsímamann sinn, skráir það aldrei landsnúmerið.

2.10.

Ég sá hús með heitum hver í bakgarðinum. Hverinn var girtur af vegna þess að vatnið er hættulega heitt.

2.10.

Gróðurhúsin eru lýst með gervidagsljósi, en nota hita úr jörðinni.

3.10.

Ég sá fyrsta lögreglumanninn í dag. Orðið sem var skrifað á bak hans líktist alls ekki orðinu “police”.

3.10.

Það virðist ekki vera álitnið skammarlegt að sjást mjög drukkinn.

3.10.

Mörg húspök eru máluð.

4.10.

Vindurinn var svo sterkur í dag að hann blés fætturna undan mér þegar ég lyfti þeim frá jörðinni. Fólk flissaði þegar það gat ekki gengið.

4.10.

Allir gluggar eru með málmhöldum sem halda þeim þétt, jafnvel þegar þeir eru opnir. Þannig getur vindurinn ekki brotið þá.

5.10.

Í dag hitti ég fyrstu manneskjuna sem talar ekki ensku.

6.10.

Orðið sem er notað um þann sem lítið veit, er “heimskur”. Bókstaflega þýðir það; sá sem er alltaf heima.

6.10.

Sundmiðar eru ódýrir. Ég er soldið hrædd við heitu pottana.

7.10.

Ég get ekki losnað við smápeninga og veskið mitt verður mjög þungt.

7.10.

“Thursday” er mér sagt að þýði Þórsdagur. Hér er hann samt sem áður kallaður fimmtudagur.

7.10.

Ég sá gamla konu með lítil eyrnaskjól úr filti.

8.10.

Ég sá barnaleikvöll sem var með stórgrýti út um allt.

8.10.

Sérhver stórverslun er með mikið úrval af ferskum fiski.

9.10.

Rútur út á flugvöll eru á mjög óreglulegum tímum.

9.10.

Listamenn setja upp sýningar sínar á síðustu stundu og virðast stoltir af því. Það minnir mig á Króatíu.

10.10.

Flest kaffihús eru með bækur eða blöð fyrir viðskiptavinum sína að lesa.

11.10.

Það er falleg steinbygging í miðbænum. Það er fangelsi.

11.10.

Ég sá fyrsta snjóinn á toppum fjallanna hinum megin við flóann.

12.10.

Eina fólkið í strætisvögnunum eru táníngar, eldra fólk og útlendingar.

12.10.

Við höfnina er enn hægt að sjá þó nokkuð mörg tréskip.

13.10.

Í hvert skipti sem einhver minnst á drauga, sem er oft, eyðir fólk miklum tíma í að útskýra fyrir mér að sjálft trúir það ekki á þá.

14.10.

Ég sá mjög litla hvali og mjög stóra höfrunga.

14.10.

Ég var lengi að átta mig á að það er engin lest í landinu.

15.10.

Það er mjög auðvelt að enda á malarvegi þegar maður keyrir frá einu litlu þorpi til annars.

15.10.

Ég baðaði mig í vatni sem var svo fullt af steinefnum að það var mjólkurhvítt.

16.10.

Hér á norðurslóðum virðast það vera Finnar sem menn segja skemmtisögur af.

17.10.

Ég fór á mjög fínan veitingastað í gærkvöldi. Það er fyrsti staðurinn þar sem ég sé engan í flíspeysu.

17.10.

Þó borgin sé lítil er flugvöllurinn 50 km í burtu.

18.10.

Það snjóaði í gærkvöldi og það blæs kröftuglega í dag. Mér finnst þetta vera eins og í febrúar.

19.9.

Sumar verslanir eru með auglýsingaplaköt við innganginn. Þau eru gerð á sérstakan hátt þannig að þau sveigjast undan vindinum.

19.9.

Allt frá því ég fór í sund í mjög heilsusamlegu vatni, hef ég ekki getað losað flókann úr hárinu.

20.9.

Rokið olli einhverjum slysum eftir allt saman. Ég er ekki undrandi á því.

20.10.

Rokinu fylgdi fullt af salti sem gerir alla gluggana óhreina.

21.10.

Það er ódýrara að fá lækni heim en að fara sjálfur á spítalann.

22.10.

Þegar fólk leggur bílum hlið við hlið í stæði, bakkar það ekki í stæðin heldur ekur beint inn.

22.10.

Það er umferðarskilti á hraðbraut inn í borgina sem segir að traktorar megi ekki aka þar á ákveðnum tímum.

23.10.

Bílastæði eru skipulögð þannig að það er mjög gott pláss.

23.10.

Aðeins lítill hluti glugganna er opnanlegur.

24.10.

Það eru settar rúsínur í sláturkeppina.

24.10.

Þótt loftið sé mjög þurrt virðast rakatæki ekki vera vinsæl.

25.10.

Það er þó nokkuð um litla fjárhættuspilastaði.

25.10.

Stundum þegar fólk er með barn í barnavagni, þá er það svo vel inn pakkað að það er eiginlega ekki hægt að sjá hvort það er barn í vagninum eða ekki.

26.10.

Það er kaffihús í litlu húsi með hallandi þaki. Þakið er grasi gróið og vel hirt.

26.10.

Ég sá foss sem hafði fokið afturábak og frosið.

26.10.

Það myndast klaki þar sem sjórinn mætir ströndinni.

27.10.

Þegar maður ekur aðeins út úr borginni, er maður hugsanlega eini bíllinn á veginum.

28.10.

Það eru ekki margar útvarpsstöðvar.

29.10.

Í dag sá ég annan bíllinn með erlendum númeraplötum síðan ég kom hingað.

30.10.

Kæstur hákarl bragðaðist eiginlega allt í lagi en mér fannst brennivínið sem fylgdi með ógeðslegt.

31.10.

Ég hef heyrt mikið talað um það að skilgreina sjálfsmynd þjóðarinnar. Það virðast vera örlög lítilla þjóða.